

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Örn Sigurðsson,
skrifstofustjóri
Borgartúni 10 - 12
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. júní 2014
Tilvísun: UST20140500039/ksj

Lýsingar. Tillaga að deiliskipulagi á svæðum Vogabyggðar - svæði 1, 2 og 3.

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst upphaflega 6. maí sl. en var endurnýjað síðast þann 28. maí, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillagna að deiliskipulagi á svæði Vogabyggðar. Svæðin sem lýsingar ná til eru hluti rammaskipulags Vogabyggðar. Afmörkun heildarsvæðisins nær frá Sæbraut til vesturs, Kleppsmýrarvegi/Kjalvogs til norðurs, Elliðaárósum í austri og Miklabraut til suðurs og er svæðið kallað Vogabyggð.

Rammaskipulag fyrir svæðið

Umhverfisstofnun tekur undir markmið rammaskipulagsins um vandaða hönnun og samræmda efnisnotkun og bendir einnig á mikilvægi þess að hugað verði að umhverfisvottun byggingarefna þegar þess er kostur.

Friðlýst svæði


Eins og fram kemur í lýsingu eru náttúruminjar friðlýstar sem náttúrvætti austur af svæðinu, Háubakkar. Um náttúrvættið gilda eftirfarandi reglur: 1. Varðveita skal jarðmyndanir svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar. 2. Gangandi fólk er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Þá er borgarstjórn heimilt, að höfðu samráði við umhverfismálaráð og skipulagsnefnd að setja nánari reglur um umferð og umgengni um svæðið. 3. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á hinu friðlýsta svæði. Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um að nýta sérstöðu náttúrvættisins Háubakka. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að reglur friðlýsingar verði virtar og sérstaklega er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að á friðlýsta svæðinu verði ekkert rusl sjáanlegt. Einnig er mikilvægt að væntanlegir íbúar svæðisins upplifi verðmæti þess að búa nálægt friðlýstu svæði.


Umhverfismat

Í umfjöllun um væntanlegt umhverfismat deiliskipulagsins er listi yfir umhverfisviðmið. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að bæta eftirfarandi við þann lista: Reglugerð nr. 798/1999 um

fráveitur og skólp, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Einnig bendir stofnunin á vatnatilskipun og stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands sem er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar sem mikilvæg viðmið.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun

